# FLOKKSTOTEM












## FLOKKSTOTEM

Totem (upphaflega úr indíánamáli) hefur fengið þá merkingu í skátastarfi að vera hlutur sem er settur saman úr mörgum pörtum. Partarnir eru jafnmargir og skátarnir í flokknum. Útbýr þá hver skáti sinn hlut. Þannig hefur t.d. *Klukkuflokkurinn* búið sér til 8 litla hringi, mismunandi stóra. Þegar hringirnir eru felldir saman myndast klukka. *Kuðungarnir* voru heldur ekki í vandræðum með sitt totem. Hver skáti lagði til einn stóran kuðung og málaði á hann bókstaf. Síðan voru allir kuðungarnir festir á mjög gróft reipi eða fléttu sem var fest á vegg. Myndaðist þá flokksnafnið: *KUÐUNGAR.*

